

„BÆÐI KÆFANDI OG FRELSANDI“: AÐ SKAPA TÓNLISTVIÐ HINAR SÉRÍSLENSKU AÐSTÆÐUR

Arnar Eggert Thoroddsen, aðjúnkt, Háskóli Íslands

Í erindinu eru tengsl og samskipti dægurtónlistarmanna á Íslandi skoðuð með verkfærum félagsfræðinnar. „Íslenska“ spurningin - þ.e. hvernig samfélag fæðar og nálægðar spilar inn í hegðunarmunstur tónlistarfólksins - er á meðal miðlægra þátta. Þorpsstemningin litar að þessu leytnu til tónlistarlífið; mörk á milli atvinnu- og áhugamanna eru t.a.m. óskýr og stuttar, óformlegar boðleiðir styðja að mörgu leyti við og einkenna það hvernig fólk ber sig að. Viðmælendur rannsóknarinnar eiga margir hverjir í mótsagnakenndu sambandi við landið sitt, viðurkenna að smæðin sé þægileg á margan hátt og veiti sköpunarlegt frelsi og auðveldi markaðssetningu. En á sama tíma bindi þessir þættir þá niður og hefti. Erindið byggir á yfirstandandi doktorsverkefni sem er unnið undir handleiðslu prófessors Simon Frith við Edinborgarháskóla. Verkefnið veitir innsýn í þá samfélagslegu krafta sem byggja undir dægurtónlistarsköpun á Íslandi, eitthvað sem hefur verið fjárhagslega virðisaukandi fyrir íslenskt samfélag hin síðustu ár, staðreynd sem of sjaldan er haldið á lofti í opinberri umræðu um íslensku dægurtónlistarsenuna.